

 <p>Sjúkratryggingar Íslands</p>	<p>Gæðahandbók SÍ ;Jafnlaunahandbók;Starfsmannahandbók; Stjórnendahandbók;</p> <p>Jafnlaunastefna MEG-210</p>	<p>Útgáfunúmer 2.0 Ábm: María Heimisdóttir Höf: Vilborg Grétarsdóttir Dags. útg.: 20.12.2019</p>
--	---	--

Það er stefna Sjúkratrygginga Íslands að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf og að ómálefnalegur launamunur sé ekki til staðar. Jafnframt að öllu starfsfólki séu tryggðir jafnir möguleikar til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, sí- og endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Í því markmiði skuldbindur stofnunin sig til að innleiða og viðhalda jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks. Jafnlaunakerfið felur í sér að allar launaákvæðanir séu gagnsæjar, skjalfestar og byggðar á málefnalegum forsendum. Jafnframt skuldbindur stofnunin sig til að bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85:2012.

Forstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi stofnunarinnar og að það standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Mannauðsstjóri er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi stofnunarinnar og ber ábyrgð á innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Innleiðing og viðhald Sjúkratrygginga Íslands á vottuðu jafnlaunakerfi, í samræmi við gildandi lög og reglur, felur m.a. í sér:

- Framkvæmd árlegrar launagreiningar þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf til að athuga hvort kynbundinn launamunur sé til staðar og að niðurstöður séu kynntar fyrir starfsfólki.
- Setningu jafnlaunamarkmiða sem endurskoðuð eru árlega með hliðsjón af niðurstöðum launagreiningar.
- Stöðugar umbætur og eftirlit með jafnlaunakerfinu og að brugðist sé við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem koma fram við innri úttekt og rýni stjórnenda á kerfinu.
- Birtingu jafnlaunastefnunar á innri vef og reglubundin kynning stefnunar fyrir öllu starfsfólki. Jafnframt að jafnlaunastefnan sé aðgengileg almenningi á vefsíðu stofnunarinnar.

Jafnlaunastefna þessi er hluti af launastefnu Sjúkratrygginga Íslands (MEG-209).